

Sæl

Í framhaldi af samskiptum okkar um daginn varðandi lagabreytingu vegna fasteignagjalda þá er spurning um hvernig við höldum áfram með innheimtu á fasteignagjöldum 2020. Það varð lagabreyting þar sem lögveð fasteignagjalda vegna áráanna 2020-2022 var framlengt í 4 ár og heimild sett inn í löginn til þess að fella niður dráttarvexti.

breytingarnar voru eftirfarandi:

**Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.**  
3. gr.

Við löginn bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (XXII.)

Prátt fyrir ákvæði 7. gr. fylgir fasteignaskatti skv. c-lið 3. mgr. 3. gr., vegna áráanna 2020–2022, lögveð í fasteign þeirri sem hann er lagður á, ásamt dráttarvöxtum í fjögur ár frá gjalddaga, sem skal ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni hvíla.

b. (XXIII.)

Prátt fyrir ákvæði 32. gr. er sveitarfélögum heimilt að lækka eða fella niður dráttarvexti á kröfur vegna fasteignaskatta sem lagðir eru á skv. c-lið 3. mgr. 3. gr., á árunum 2020–2022, hjá gjaldendum sem eiga við verulega rekstrarörðugleika að stríða vegna kórónuveirufaraldursins eða gjaldendum sem leigja húsnæði til rekstraraðila sem sömu skilyrði eiga við um, á grundvelli reglna sem sveitarfélög setja sér.

Þá er spurning hvort sveitarfélagið hafi ákveðið eitthvað nýtt verklag í tilefni af lagabreytingunni? Óskar sveitarfélagið eftir því að við hliðrum frá almennum verkferlum þannig að við lengjum í innheimtuferlunum innan marka á lengdum fyrningarfresti sbr. lagabreytinguna?

Hafa einhverjir aðilar fengið samþykka eftirgjöf á dráttarvöxtum í samræmi við heimild laganna?

Nú er komið að því að við förum að útbúa greiðsluáskoranir vegna vanskila á fasteignagjöldum fyrir árið 2020, það væri því gott að fá upplýsingarnar sem fyrst. Ég reikna með að halda vinnslu í innheimtunni áfram í takt við verkferla nema að við fáum upplýsingar um annað.

Með kveðju

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir | héraðsdómsslögmaður | Lögmenn Suðurlandi ehf.  
Pósthólf 140 | 802 Selfoss | sími 480 2900 | fax 482 2801 | [steinunn@log.is](mailto:steinunn@log.is) | <http://log.is/>



\*\*\*\*\*

Þessi tölvupóstur og viðhengi hans gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á. Ef um mistök í sendingu er að ræða ertu vinsamlega beðin(n) að láta sendanda vita og eyða póstinum. Efni tölvupóstsins og viðhengi er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Lögmanna Suðurlandi ehf.

**Disclaimer**

The information transmitted in this email may contain confidential material intended only for the addressee. If you receive this message by mistake, please keep the information confidential, contact the sender and delete the material from your system. The content of the message is the individual sender's responsibility, if it is not related to the operation of Lögmanna Suðurlandi ehf.